

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1484 frá 18. júlí 2023 um að tilgreina tæknilega þætti gagnasafnsins, um að koma á fót tæknisniðum fyrir afhendingu upplýsinga og að tilgreina fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna um skipulag úrtakskönnunar á sviði notkunar upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2024 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18qzf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2182) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18qzg. **32023 R 1484**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1484 frá 18. júlí 2023 um að tilgreina tæknilega þætti gagnasafnsins, um að koma á fót tæknisniðum fyrir afhendingu upplýsinga og að tilgreina fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna um skipulag úrtakskönnunar á sviði notkunar upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2024 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (Stjtið. ESB L 182, 19.7.2023, bls. 100).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1484, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 19.7.2023, bls. 100.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.